

Fundargerð 51. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 14. október 2020 kl. 11:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kynning á breytingum á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. - 2010006SA

Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur hjá sambandinu kynnti fyrirhugaðar breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og fór yfir helstu áherslur í umsögn sambandsins.

Nefndin tekur undir umsögn sambandsins og mikilvægi þess að hafa sem jafnasta skiptingu fæðingar- og foreldraorlofs. Nefndin hvetur einnig til þess að í stað þess að koma til móts við kostnað verðandi foreldra á landsbyggðinni sem búa fjarri fæðingarþjónustu verði lögð áhersla á að tryggja fæðingarþjónustu sem víðast um land. Nefndin tekur einnig undir mikilvægi þess að tryggja foreldrum sem ekki eru í sambúð félagsráðgjöf svo foreldrar geti betur undirbúið sig fyrir foreldrahlutverk einstæðra foreldra og mikilvægi samstarfs og samvinnu þeirra til hagsbóta fyrir bæði barn og foreldra.

2. Frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum - 2009266SA

Félagsmálaráðuneytið hefur skipað starfshóp sem var falið að koma með tillögur að breyttri skipan barnaverndar. Starfshópurinn telur mikilvægt að nærþjónusta í barnavernd verði á ábyrgð sveitarfélaga en að lögð verði aukin áhersla á fagþekkingu á barnavernd. Í dag eru starfandi barnaverndarnefndir þar sem ekki er til staðar fullnægjandi fagþekking. Ein af meginástæðum þess er sú að svæðin eru ekki nógu stór og/eða barnaverndarmál ekki nógu mörg til að standa undir þeim fjölda sérfræðinga sem þarf til að viðhalda fagþekkingu í barnavernd.

Megintillögur starfshópsins ganga því út á að barnaverndarnefndir verði lagðar niður og byggt verði upp annars konar skipulag barnaverndar innan sveitarfélaga. Samhliða verði barnaverndarumdæmi stækkuð. María Kristjánsdóttir kynnti tillögurnar og svaraði spurningum fundarmanna. Næstu skref eru að leggja tillögur starfshópsins fyrir þingamannanefnd í málefnum barna.

3. Frumvarp til breytinga á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð - 2009267SA

María Kristjánsdóttir fór yfir helstu áherslur sambandsins á fyrirhuguðum

breytingum á lögnum. Sambandið leggur áherslu á mikilvægi þess að stofnunin hafi ráðgjafarhlutverkið í forgrunni og veiti sveitarfélögum um allt land víðtæka ráðgjöf og stuðning. Afar brýnt er að sveitarfélögin geti sótt sérhæfða ráðgjöf og stuðning í flóknum einstaklingsmálum til stofnunarinnar og að sú miðlæga þjónusta verði skilgreind sem hluti af verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

4. Heildarendurskoðun á öryggisgæslu og öryggisvistun. - 2009268SA

Frumvarp til laga um öryggisgæslu og öryggisvistun verður á dagskrá haustþingsins. Um er að ræða nýja löggjöf sem mun taka af allan vafa um það að öryggisgæsla og öryggisvistun sem kemur til á grundvelli dómsúrskurðar verði á ábyrgð ríkisins. Mikilvægt er að lögin geri einnig ráð fyrir aðgengi notenda félagsþjónustunnar sem taldir eru þurfa á tímabundinni öryggisvistun að halda. Hvorki sveitafélög né sambandið hafa aðkomu að gerð nýrra laga og geta þar af leiðandi ekki gætt hagsmuna notenda félagsþjónustunnar né sveitarfélaga.

Nefndin fer fram á við félagsmálaráðuneytið að sveitarfélög/sambandið fái fulltrúa í starfshópi um gerð nýrra laga.

5. COVID-19 - 2009402SA

Umræða um helstu áskoranir velferðarþjónustu vegna COVID-19. Þungar áhyggjur eru á aukningu fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og skerðingu framlaga jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks. Guðjón Bragason fór yfir yfirlýsingu ríkisstjórnar um sértækar aðgerðir til að koma á mótis við sveitarfélögin vegna COVID-19. Gert er ráð fyrir á árinu 2020 aukaframlagi að upphæð kr. 670 m.kr. vegna málefna fatlaðs fólks og 720 m.kr. vegna aukins kostnaðar við fjárhagsaðstoð.

Fundi var slitið kl. 12:30

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir